



Samtakahópurinn 22. október 2019 kl. 14.00

Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12.

Mætt: Aníta Engley, Sigríður Bílddal, Heiðrún Huld, Guðmunda María, Sigrún Björgvinsdóttir, Anna Sigríður, Kristján Freyr, Aron Freyr og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði

Fundargerð

1. Ofbeldi ungmenna & afleiðingar, myndbirtingar.

Myndband af ofbeldisbroti skoðað. Samtakahópurinn skorar á alla sem koma að uppeldi barna og ungmenna að taka umræðu um hversu hættuleg höfuðhögg eru og þau sem eru að mynda slík athæfi er vinsamlega bent á að þau eru grafalvarleg.

2. Niðurstöður könnunar um hagi og líðan nemenda í 5. – 7. bekk í

Reykjanesbæ. Niðurstöður rýndar. Hægt er að kynna sér skýrsluna á

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/reykjanesbaer-3-.pdf>

3. Ábendingar um góða fyrirlesara fyrir grunn- og framhaldsskóla sem og íþróttatómstunda- og foreldrafélög.

Samtakahópurinn hvetur skólastjórnendur til að skipuleggja fræðslu fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu og bendir um leið á forvarnarsjóðinn sem getur nýst vel í þessu samhengi. (*sjá fylgiskjal)

4. Fræðsla frá Kristjáni Frey Geirssyni um rafrettur o.fl.

Kristján fór yfir fyrirlesturinn sem að stendur grunn- og framhaldsskólunum til boða.

5. Forvarnardagur ungra ökumanna

Kristján Freyr sagði frá forvarnardegi ungra ökumanna sem fór fram fyrir skemmstu í 88 Húsinu. Um er að ræða mjög vel heppnað forvarnarverkefni sem er farið að vekja athygli utan Reykjaneshæjar. Hægt er að kynna sér verkefnið á þessari vefslóð <https://www.vf.is/sjonvarp/forvarnadagur-ungra-okumanna-i-utras>

6. Velkomin heim (fræðslusýning fyrir nemendur í 10.bekk)

Hafþór sagði frá leiksýningunni Velkomin heim sem verður sýnd í Stapa síðar í mánuðinum. Þar er sögð saga Maríu um hvernig er að alast upp hjá erlendu foreldri og vera annarrar kynslóðar innflytjandi á Íslandi.

7. Orkudrykkjanotkun ungmenna

Samtakahópurinn hvetur foreldra til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr orkudrykkjanotkun ungmenna.

<https://www.ruv.is/frett/geta-haft-alvarleg-ahrif-a-andlega-heilsu>

8. Endurskinsmerkjanotkun

Samtakahópurinn minnir á mikilvægi notkunar á endurskinsmerkjum nú þegar skammdegið færir yfir.



** Ábendingar um fyrirlesara á viðburðum foreldrafélaga*

Mörg foreldrafélag halda ýmis fræðslukvöld yfir veturinn og/eða fá fyrirlesara til að vera með áhugavert erindi á aðalfundi.

SAMFOK berst af og til fyrirspurnir um skemmtilega fyrirlesara og höfum við tekið saman lista af þeim fyrirlesurum sem við vitum um. Við tökum fagnandi á móti ábendingum um fleiri fyrirlesara.

Anna Steinsen. Fjallar um hvernig við getum byggt upp sjálfstraust og þrautseigju hjá okkur sjálfum og börnunum okkar til þess að ná markmiðum, auka vellíðan og árangur. Heimasíða: kvan.is

Erindi bjóða upp á ýmsa fyrirlestra. Heimasíða: erindi.is

Fokk me – Fokk you fjallar um sjálfsmynd, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna. Kári Sigurðsson og Andrea Marel sjá um fræðsluna. Upplýsingar á Facebook: Fokk me-fokk you

Foreldrahus, Guðrún Björg Ágústsdóttir áfengis og vímuefnaráðgjafi. Fyrirlestrarnir geta fjallað um fyrirbyggjandi þætti, neyslu unglunga, inngrip og ráð eða annað sem foreldrahópurinn þarf á að halda. Heimasíða: foreldrahus.is

Hugarfrelsi býður upp á fyrirlestra um kvíða hjá börnum og unglingum. Heimasíða: hugarfrelsi.is

Karlmennskan. Þorsteinn V. Einarsson fjallar um hvernig hægt er að hrista upp í og víkka út viðteknar karlmennskuhugmyndir. Heimasíða: karlmennskan.is

Lógík eru með fræðslu um upplýsingatækni. Heimasíða:

logikeducation.wordpress.com

Páll Ólafsson fjallar um ýmislegt sem viðkemur börnum, t.d. jákvæð samskipti.

palloisland@gmail.com. Heimasíða: Jákvæð samskipti á Facebook

SAFT er með fjölbreytta fyrirlestra í sambandi við netið og nýmiðla. Heimasíða:

saft.is

Sálstofan býður upp á ýmsa fyrirlestra fyrir foreldra. Heimasíða: salstofan.is

Sigga Dögg býður upp á fræðslu um ýmislegt varðandi kynlíf og kynhegðun og

hvernig hægt er að ræða við börn og unglina um kynlíf. Heimasíða: siggadogg.is

Út fyrir kassann. Bjarni Fritzson og Kristín Tómasdóttir fjalla m.s. um sjálfsmynd

barna. Heimasíða: utfyrirkassann.is

Vanda Sigurgeirsdóttir. Fjallar um einelti, vináttu og fleira. Heimasíða: kvan.is

Starfsfólk Menntavísindasviðs HÍ býður upp á margskonar fræðslu sem getur

gagnast foreldrum:

Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor í Deild menntunar og margbreytileika. Netfang:

annalind@hi.is

Hvaða aðferðir hafa reynst vel til að stuðla að bættri hegðun og líðan barna í

skólum?

Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor í Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda.

Netfang: annaso@hi.is

Næring, matvæðni og bragðlaukaþjálfun.

Ársæll Már Arnarsson, prófessor í Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda.

Netfang: arsaell@hi.is

*Um tengsl foreldra og barna og ýmsa þætti heilsufars og vellíðunar,
áhættuhegðunar og neyslu hjá íslenskum börnum í 6. – 10. bekk.*

Bryndís Jóna Jónsdóttir, aðjunkt við Deild menntunar og margbreytileika. Netfang:

bryndisjona@hi.is

Jákvæð sálfræði og núvitund á heimilum og í skóla.

Guðbjörg Pálsdóttir og Freyja Hreinsdóttir dósentar við Deild faggreinakennslu.

Netföng: gudbj@hi.is og freyah@hi.is

Stuðningur við stærðfræðináms – Hvað geta foreldrar gert?

Hanna Ragnarsdóttir, prófessor í Deild menntunar og margbreytileika. Netfang:

hannar@hi.is

Fjölmennning, fjölmennningarleg menntun, fjöltyngi og fjölbreyttir nemendahópar.

Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor í uppeldis- og menntunarfræði. Netfang:

hrundin@hi.is

Árangursríkir og leiðandi uppeldishættir.

Ingibjörg Kaldalóns, lektor í Deild menntunar og margbreytileika. Netfang:

ingakald@hi.is

Jákvæð sálfræði í uppeldi og menntun.

Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjunkt í Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda.

Netfang: jakobf@hi.is

Gildi útiveru: Hvernig fáum við börnin okkar út í frjálsan leik?

Kristín Jónsdóttir, lektor í Deild kennslu- og menntunarfræði. Netfang: kjons@hi.is

Mikilvægi samvinnu milli heimila og skóla: Hvernig styrkjum við tengslin?

Lilja M. Jónsdóttir, lektor í Deild kennslu – og menntunarfræði. Netfang: liljamj@hi.is

Hvert er hlutverk umsjónarkennarans þegar kemur að samvinnu heimila og skóla?

Ólafur Páll Jónsson, prófessor í Deild menntunar og margbreytileika. Netfang:

opj@hi.is

Skóli fyrir alla í heimspekilegu ljósi.

Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor í Deild menntunar og margbreytileika. Netfang:

ragny@hi.is

Áhættuhegðun og velferð ungmenna (vímuefnaneysla, geðraskanir og seigla).

Renata Emilsson Pesková, doktorsnemi í fjölmenningsfræðum. Netfang:

renata@hi.is

Móðurmál, fjöltyngi, fjölbreyttir bekkir og fjölbreyttir foreldrahópar.

Rúna Sif Stefánsdóttir, kennari, lýðheilsufræðingur og doktorsnemi við Deild

heilsueflingar, íþróttar og tómstunda. Netfang: rss7@hi.is

Svefn! Mikilvægi, rannsóknir og svefnvenjur barna og unglinga.